

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 29

2. árgangur

10.8.1995

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

95/EES/29/01 Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 67/95/COL frá 19. júní 1995 um viðurkenningu á viðbúnaðaráætlun vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki sem Noregur lagði fram..... 01

95/EES/29/02 Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 68/95/COL frá 19. júní 1995 um viðurkenningu á áætlun sem Noregur lagði fram til að hafa umsjón og eftirlit með salmonellu í alifuglum.. 02

3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/29/03 Tilkynning um samning  
(Mál nr. IV/35.486 - La Poste (B) - Royale Belge).....03

95/EES/29/04 Tilkynning um samning  
(Mál nr. IV/35.491 - La Poste (B) - Générale de Banque/Generale Bank).....04

95/EES/29/05 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.625 - Nordic Capital/Transpool)..... 05

95/EES/29/06 Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/35.640 - Cummins-Wärtsilä)..... 06

95/EES/29/07 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.531 - Recticel SA/CWW-Gerko Akustik GmbH & Co KG)..... 06

95/EES/29/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.542 - Babcock/Siemens/BS Railcare).....	06
95/EES/29/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.583 - Inchcape plc/Gestetner Holdings plc).....	07
95/EES/29/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.587 - Hoechst/Marion Merrell Dow).....	07
95/EES/29/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.596 - Mitsubishi Bank/Bank of Tokyo).....	07
95/EES/29/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.616 - Swissair/Sabena).....	08
95/EES/29/13	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júní 1995 um viðurkenningu á áætlun um að útrýma Aujeszky-veiki á tilteknum svæðum í Þýskalandi.....	08
95/EES/29/14	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júní 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínum sem á að senda til tiltekinnna svæða í Þýskalandi.....	08
95/EES/29/15	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um að draga úr tíðni heilbrigðiseftirlits með sendingum á tilteknum afurðum sem á að flytja inn frá þriðju löndum.....	09
95/EES/29/16	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu í Frakklandi á mótefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni.....	09
95/EES/29/17	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu í Breska konungsríkinu á mótefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni..	09
95/EES/29/18	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu á Ítalíu á mótefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni.....	09
95/EES/29/19	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 92/558/EBE um bráðabirgðaráðstafanir í tengslum við verksmiðjur sem framleiða mjög hættuleg efni í sambandsríkjunum Vestur Mecklenborg-Pommern, Brandenburg, Saxlandi- Anhalt, Saxlandi og Thüringen í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.....	10
95/EES/29/20	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skráar yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fóður.....	10
95/EES/29/21	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/777/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á tvískelja lindýrum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum sem eru upprunnin í Tyrklandi.....	10
95/EES/29/22	18. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur.....	10
95/EES/29/23	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	11
<b>3. Dómstóllinn</b>		
95/EES/29/24	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	13
95/EES/29/25	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	16

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**  
**nr. 67/95/COL**  
**frá 19. júní 1995**

**95/EES/29/01**

**um viðurkenningu á viðbúnaðaráætlun vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki sem Noregur lagði fram**

**EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 13. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á tilskipun 85/511/EBE um ráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, tilskipun 64/432/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín og tilskipun 72/462/EBE um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum og svínnum og nýju kjöti eða kjötafurðum frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 90/423/EBE), einkum 4. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 50. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um viðmiðanir sem hafðar eru við gerð viðbúnaðaráætlana til að hamla útbreiðslu gin- og klaufaveiki við beitingu 5. gr. tilskipunar ráðsins 90/423/EBE, einkum 1. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með bréfi dagsettu 22. september 1994 lagði Noregur fram til viðurkenningar innlenda viðbúnaðaráætlun vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki.

Athugun leiðir í ljós að þessi áætlun gerir kleift að ná settu marki og uppfyllir öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í gerðinni sem um getur í 50. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/42/EBE).

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**

1. Viðbúnaðaráætlunin vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki sem Noregur lagði fram er hér með viðurkennd.
2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. september 1995.
3. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 19. júní 1995.

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Björn Friðfinnsson*

stjórnarmaður

**ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**  
**nr. 68/95/COL**  
**frá 19. júní 1995**

**um viðurkenningu á áætlun sem Noregur lagði fram til að hafa 95/EES/29/02**  
**umsjón og eftirlit með salmonellu í alifuglum**

**EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 34c í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um verndarráðstafanir gegn tilteknum dýrasjúkdómum og -sjúkdómsvöldum, sem geta borist til manna, í dýrum og dýraafurðum til að koma í veg fyrir smit frá matvælum og matareitrun (tilskipun ráðsins 92/117/EBE; hér á eftir nefnd gerðin um súnur), einkum 3. mgr. 8. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. í gerðinni um súnur sendi Noregur í bréfi dagsettu 24. apríl 1995 áætlun um að hafa umsjón og eftirlit með salmonellu í norskum alifuglum.

Framanefnd áætlun uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. gerðarinnar um súnur.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

Þar af leiðandi ber að samþykka áætlunina.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:**

1. Áætlunin sem Noregur lagði fram til að hafa umsjón og eftirlit með salmonellu í alifuglum er hér með viðurkennd.
2. Noregur skal fyrir 1. september 1995 setja lög og stjórnsýslufyrirmæli til að koma áætluninni sem um getur í 1. lið í framkvæmd.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. september 1995.
4. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 19. júní 1995.

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Björn Friðfinnsson*

stjórnarmaður

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um samning (Mál nr. IV/35.486 - La Poste (B) - Royale Belge)

95/EES/29/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. mars 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um samning milli fyrirtækjanna La Poste (B) og Royale Belge sem undirritaður var 27. febrúar 1995.

Samkvæmt samningnum mun La Poste einungis bjóða líftrygginga- og skaðatryggingaþjónustu frá Royale Belge, eða sem er á þeirra ábyrgð, og markaðssett undir viðskiptaheiti þar sem orðið „Poste“ kemur fram.

Royale Belge skuldbindur sig aftur á móti til að markaðssetja ekki, fyrstu sex mánuðina eftir að tiltekin þjónusta hefur verið markaðssett, neina þá þjónustu sem það býður La Poste né bjóða öðrum milliliðum að annast markaðssetningu hennar.

Samningsaðilar áforma enn fremur (fyrir 1. janúar 1996) að koma á fót einu eða tveimur sameiginlegum dótturfyrirtækjum, í formi tryggingafélaga, þar sem fjármagnseignaraðild hvors aðila um sig væri 50%.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

(a) La Poste: La Poste er sjálfstætt starfandi opinbert fyrirtæki, eins og skilgreint er í lögum frá 21. mars 1991, sem annast:

- póstútburðarþjónustu, sem það hefur löglegan einkarétt á (nema í tilvikum sem sérstaklega er kveðið á um í lögum);
- tiltekna lögboðna þjónustu sem tilgreind er í lögum;
- frímerkjasölu og sölu annarra póstvara;
- fjármálaþjónustu, eins og hún er skilgreind í lögum, á eigin vegum og á vegum þriðju aðila;
- alla aðra starfsemi sem samræmist markmiðum þess.

(b) Royale Belge: Royale Belge er tryggingafélag sem starfar á sviði líf- og skaðatrygginga.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 202, 10. 8. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 27 22) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.486 - La Poste (B) - Royale Belge, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B  
Office 3/62  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjútíð. EB nr. 13, 21. 12. 1962, bls. 204/62.

**95/EES/29/04**

**Tilkynning um samning**  
**(Mál nr. IV/35.491 - La Poste (B) - Générale de Banque/Generale Bank)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. mars 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um samning milli fyrirtækjanna La Poste (B) og Générale de Banque/Generale Bank sem undirritaður var 28. febrúar 1995.

Samkvæmt samningnum mun La Poste einungis bjóða bankaþjónustu frá Générale de Banque/Generale Bank, eða sem er á þeirra ábyrgð, og markaðssett undir viðskiptaheiti þar sem orðið „Poste“ kemur fram.

Générale de Banque/Generale Bank skuldbindur sig aftur á móti til að markaðssetja ekki, fyrstu sex mánuðina eftir að La Poste hefur hafið tiltekna þjónustu, neina þá þjónustu sem það býður La Poste né bjóða öðrum milliliðum að annast markaðssetningu hennar.

Samningurinn tekur ekki til og hefur ekki áhrif á núverandi starfsemi sem tengist „Postchèque“.

Samningsaðilar áforma enn fremur fyrir 1. janúar 1996 að koma á fót sameiginlegu dótturfyrirtæki, í formi lánastofnunar, þar sem fjármagnseignaraðild hvors aðila um sig væri 50%.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

(a) La Poste: La Poste er sjálfstætt starfandi opinbert fyrirtæki, eins og skilgreint er í lögum frá 21. mars 1991, sem annast:

- pósthúsbúnaðarþjónustu, sem það hefur löglegan einkarétt á (nema í tilvikum sem sérstaklega er kveðið á um í lögum);
- tiltekna lögboðna þjónustu sem tilgreind er sérstaklega í lögum;
- frímerkjasölu og sölu annarra póstvara;
- fjármálaþjónustu, eins og hún er skilgreind í lögum, á eigin vegum og á vegum þriðju aðila;
- alla aðra starfsemi sem samræmist markmiðum þess.

(b) Générale de Banque/Generale Bank: Générale de Banque/Generale Bank er alhliða viðskiptabanki.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 202, 10. 8. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 27 22) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.491 - La Poste (B) - Générale de Banque/Generale Bank, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B  
Office 3/62  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. 13, 21. 12. 1962, bls. 204/62.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.625 - Nordic Capital/Transpool)****95/EES/29/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. 7. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Nordic Capital Svenska AB („Nordic Capital“), undir yfirráðum Atle AB („Atle“), Investment AB Bure („Bure“), Allmänna Pensionsfonden, 4:e („AP4:e“), Svenska Handelsbanken („SHB“), Skandia („Skandia“) og Electra Investment Trust P.L.C. („Electra“), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Transpool AB („Transpool“) með hlutabréfakaupum og stjórnunarsamningi.

Helstu hluthafar eru: AB Fortos („Fortos“), að öllu leyti í eigu Volvo AB („Volvo“), og KF Invest AB („KF“).

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Nordic Capital: áhættufjármagnsfyrirtæki,
  - Atle: fjárfestingarfyrirtæki,
  - Bure: fjárfestingarfyrirtæki,
  - AP4:e: fjárfestingarfyrirtæki í eigu sænsks lífeyrissjóðs í ríkiseigu,
  - SHB: alþjóðlegur verslunarbanki,
  - Skandia: váttryggingafélag,
  - Electra: fjárfestingarfélag,
  - Transpool: flutningar í lofti og ferðamál,
  - Fortos: Fortos annast þá starfsemi Volvo sem ekki viðkemur bifreiðum, svo sem í tengslum við drykkjarvörur, tóbaksvörur, eldspýtur, fasteignir,
  - Volvo: bifreiðir og önnur starfsemi í gegnum Fortos,
  - KF: smásala á matvörum, fjárfestingarfélag, fjölmiðlar, fasteignir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 199, 3. 8. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.625 - Nordic Capital/Transpool, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/35.640 - Cummins-Wärtsilä)****95/EES/29/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júlí 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem myndað er af Cummins (Bandaríkjunum) og Wärtsilä (Finnlandi). Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun hanna, þróa og framleiða dísil- og jarðgashreyfla með miklum ganghraða. Einkum mun fyrirtækið um sameiginlega verkefnið framleiða tvær nýjar gerðir slitþolinna hreyfla með miklum ganghraða: W-200, með afkastagetu á milli 2,0 MW og 4,5 MW og W-170, með afkastagetu á milli 0,5 MW og 2,7 MW. Báðar þessar gerðir hreyfla henta til notkunar í skip, við orkuframleiðslu, í iðnaði, í lestir og annan búnað.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 200, 4. 8. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.640- Cummins-Wärtsilä, og er heimilisfangið:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate D  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.531 - Recticel SA/CWW-  
Gerko Akustik GmbH & Co KG)****95/EES/29/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 2. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.542 - Babcock/Siemens/BS Railcare)****95/EES/29/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. 6. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**  
**(Mál nr. IV/M.583 - Inchcape plc/Gestetner Holdings PLC)**

**95/EES/29/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. 6. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**  
**(Mál nr. IV/M.587 - Hoechst/Marion Merrell Dow)**

**95/EES/29/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 6. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**  
**(Mál nr. IV/M.596 - Mitsubishi Bank/Bank of Tokyo)**

**95/EES/29/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. 7. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjóttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.616 - Swissair/Sabena)**

95/EES/29/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 7. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júní 1995 um 95/EES/29/13  
viðurkenningu á áætlun um að útrýma Aujeszky-veiki á tilteknum  
svæðum í Þýskalandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 7. júní 1995 um viðurkenningu á áætlun um að útrýma Aujeszky-veiki á tilteknum svæðum í Þýskalandi í Stjtíð. EB nr. L 132, 16. 6. 1995. Áætlunin um að útrýma Aujeszky-veiki í þeim héruðum í Þýskalandi sem talin eru upp í viðauka við ákvörðunina er samþykkt til þriggja ára (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júní 1995 um 95/EES/29/14  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE um  
viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínum sem á að senda til  
tiltekinna svæða í Þýskalandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júní 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínum sem á að senda til tiltekinna svæða í Þýskalandi í Stjtíð. EB nr. L 132, 16. 6. 1995. Eftirfarandi bætist við í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE:

„Þýskaland: öll héruð fyrir utan sambandsríkin: Saxland  
Brandenburg  
Thüringen“

(sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtíð. EB).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um 95/EES/29/15  
breytingu á ákvörðun 94/360/EB um að draga úr tíðni  
heilbrigðiseftirlits með sendingum á tilteknum afurðum sem á að flytja  
inn frá þriðju löndum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um að draga úr tíðni heilbrigðiseftirlits með sendingum á tilteknum afurðum sem á að flytja inn frá þriðju löndum í Stjttíð. EB nr. L 165, 15. 7. 1995. Með þessari ákvörðun er ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB breytt eins og hér segir:

- Í 1. mgr. 3. gr. komi dagsetningin „1. desember 1995“ í stað „1. maí 1995“,
- Í 3. mgr. 3. gr. komi dagsetningin „1. febrúar 1996“ í stað „1. júlí 1995“,
- Í 7. gr. komi dagsetningin „1. febrúar 1996“ í stað „1. júlí 1995“

(sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um 95/EES/29/16  
fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu í Frakklandi á mótrefni fyrir  
framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu í Frakklandi á mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni í Stjttíð. EB nr. L 165, 15. 7. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að bandalagið skuli veita Frakklandi fjárstuðning vegna geymslu á mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni að hámarki 70 000 ECU fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1995 (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um 95/EES/29/17  
fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu í Breska konungsríkinu á  
mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu í Breska konungsríkinu á mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni í Stjttíð. EB nr. L 165, 15. 7. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að bandalagið skuli veita Breska konungsríkinu fjárstuðning vegna geymslu á mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni að hámarki 60 000 ECU fyrir tímabilið 1. ágúst 1994 til 31. júlí 1995 (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um 95/EES/29/18  
fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu á Ítalíu á mótrefni fyrir  
framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu á Ítalíu á mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni í Stjttíð. EB nr. L 165, 15. 7. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að bandalagið skuli veita Ítalíu fjárstuðning vegna geymslu á mótrefni fyrir framleiðslu á gin- og klaufaveikibóluefni að hámarki 70 000 ECU fyrir tímabilið 1. ágúst 1994 til 31. júlí 1995 (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. júlí 1995 um 95/EES/29/19  
breytingu á ákvörðun 92/558/EBE um bráðabirgðaráðstafanir í  
tengslum við verksmiðjur sem framleiða mjög hættuleg efni í  
sambandsríkjunum Vestur Mecklenborg-Pommern, Brandenburg,  
Saxlandi-Anhalt, Saxlandi og Thüringen í Sambandslýðveldinu  
Þýskalandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 92/558/EBE um bráðabirgðaráðstafanir í tengslum við verksmiðjur sem framleiða mjög hættuleg efni í sambandsríkjunum Vestur Mecklenborg-Pommern, Brandenburg, Saxlandi-Anhalt, Saxlandi og Thüringen í Sambandslýðveldinu Þýskalandi í Stjtið. EB nr. L 165, 15. 7. 1995. Ákvörðunin kveður á um að eftirfarandi komi í stað 1. gr. ákvörðunar 92/558/EBE:

„1. gr.

- 1 - Hvað varðar framleiðsluverksmiðjur á landsvæði sambandsríkjanna Brandenborgar, Saxlands-Anhalt, Saxlands og Thüringen skal Sambandslýðveldið Þýskaland fara að tilskipun 90/667/EBE til 31. desember 1995.
- 2 - Hvað varðar framleiðsluverksmiðjur á landsvæði sambandsríkisins Vestur Mecklenborg-Pommern skal Sambandslýðveldið Þýskaland fara að tilskipun 90/667/EBE til 31. desember 1995.“

(sjá nánari útlíðun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um 95/EES/29/20  
breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skráar yfir innihaldsefni  
sem bannað er að nota í blandað fóður**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skráar yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fóður í Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995. I. viðauka við ákvörðun 91/516/EBE er breytt eins og fram kemur í viðauka við þessa ákvörðun (sjá nánari útlíðun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um 95/EES/29/21  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/777/EB um  
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á tvískelja lindýrum, skrápdyrum,  
möttuldýrum og sæsniglum sem eru upprunnin í Tyrklandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/777/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á tvískelja lindýrum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum sem eru upprunnin í Tyrklandi í Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995. Í stað viðauka C við ákvörðun 94/777/EBE kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlíðun í framannefndum Stjtið. EB).

**18. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um 95/EES/29/22  
aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun  
ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um  
snyrtivörur**

Framkvæmdastjórnin birti 18. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júlí 1995 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur í Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995. Tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun (sjá nánari útlíðun í framannefndum Stjtið. EB).

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/29/23

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
95-0170-D	Tæknileg viðbótarsamningsskilyrði - Vatnsvirki (ZTV-W) til varnar bakskautstæringu í vatnsvirkjum úr stáli (Vinnusvið 220), útgáfa frá 1995	20.9.1995
95-0171-S	Úrskurður með reglugerðum um eftirlit með útblæstri - (A40-reglugerðir)	6.10.1995
95-0172-FIN	Lög um breytingar á lögum um sprengiefni	21.9.1995
95-0173-FIN	Öryggisstraumrofar (umburðarbréf KY 119-95 frá rafmagnseftirlitinu)	25.9.1995
95-0174-DK	Fyrirmæli um köfunarbúnað	25.9.1995
95-0175-D	Breytingar á skrá B í almennu stjórnsýslufyrirmælunum við lög in um vinnuvélar frá mars 1992 með upptöku nýju útgáfunnar ZH 1-184 um „leiðbeiningar um stýrishús með búnaði til að tryggja loftstreymi um vélgröfurfur og sérstakar vélar sem notaðar eru við jarð- og steypuvinnslu“	28.9.1995
95-0176-D	Sýnishorn af fyrirmælum um viðurkenningu á prófunar-, eftirlits og vottunarstofnunum í samræmi við byggingarlög (PUEZ-gerðarviðurkenningarfyrirmæli - PUEZAVO, júníútgáfa 1995	28.9.1995
95-0177-S	Reglugerð sænsku umhverfismálastofnunarinnar um umbúðir	16.10.1995
95-0178-UK	Reglugerðir um umferðarmerki frá 1995 (breyting nr. 3) (Norður-Írland)	2.10.1995
95-0179-F	Úrskurður um að setja öryggiskröfur sem tiltekinn íþróttabúnaður verður að uppfylla	9.10.1995
95-0180-DK	Fyrirmæli um sameiginleg loftnet, o.s.frv.	6.10.1995
95-0181-D	Tæknilegar reglugerðir um þrýstihylki TRB 521 varðandi „vottorð um að framleiðsla hafi farið fram í samræmi við reglugerðir“	2.10.1995
95-0182-D	Tæknilegar reglugerðir um þrýstihylki TRB 801 nr. 45: varðandi „kassa utan um íhluta tækjabúnaðar“	2.10.1995
95-0183-D	Tæknilegar reglugerðir um þrýstihylki TRB 801 nr. 23 varðandi „tankbíla fyrir vökva, vörur í kyrna- eða duftformi“	2.10.1995
95-0184-D	Tæknilegar reglugerðir um þrýstigeyma TRB 404 varðandi „þrýstihylki - íhlutar tækjabúnaðar“	2.10.1995
95-0185-D	Tæknilegar reglugerðir um þrýstihylki TRB 700 varðandi „notkun þrýstihylkja“	2.10.1995
95-0186-DK	Fyrirmæli um skilvirkni eðalmálmánafndarinnar	4.10.1995
95-0187-DK	Fyrirmæli um tilkynningu og skráningu á nafnastimplum sem eru notaðir til að stimpla hluti úr eðalmálmum	4.10.1995
95-0188-DK	Byggingareglugerðir	26.10.1995
95-0189-D	Tæknilegar reglugerðir um þrýstihylki TRB 002 varðandi „almennar hugtakaskýringar í fyrirmælunum um þrýstihylki“	4.10.1995

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**95/EES/29/24**

Álit dómstólsins 2/92 frá 24. mars 1995 (hæfi bandalagsins eða einnar stofnunar þess til að taka þátt í þriðju endurskoðaðri ákvörðun OECD um innlenda meðferð).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 4. maí 1995 í máli C-7/94 (beiðni um forúrskurð frá Bundesverwaltungsgericht): Landesamt für Ausbildungsförderung Nordrhein-Westfalen gegn Lubor Gaal (reglugerð (EBE) nr. 1612/68 - 12. gr. - „barn“- skilgreining).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 4. maí 1995 í máli C-79/94: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 77/62/EBE - rammameningur um einkasölu á sáraumbúðum til notkunar í grískum sjúkrahúsum og í gríska hernum).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 4. maí 1995 í máli C-218/94: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/263/EBE - vanræksla á að taka ákvæði tilskipunar inn í landslög).

Dómur dómstólsins frá 10. maí 1995 í máli C-422/92: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - ákvæði tilskipana um úrgang, eitrafan og hættulegan úrgang og um flutning á hættulegum úrgangi milli landa, tekin inn í landslög).

Dómur dómstólsins frá 10. maí 1995 í máli C-384/93 (beiðni um forúrskurð frá College van Beroep voor het Bedrijfsleven): Alpine Investments BV gegn Minister van Financiën (frelsi til að veita þjónustu - 59. gr. EBE-sáttmálans - bann við að bjóða óumbeðna fjárfestingarþjónustu í gegnum síma).

Dómur dómstólsins frá 10. maí 1995 í máli C-417/93: Evrópuþingið gegn ráði Evrópusambandsins (tækniaðstoð við sjálfstæð ríki Sovétríkjanna fyrrverandi og Mongólíu - ráðaleitun þingsins).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 18. maí 1995 í máli C-327/92 (beiðni um forúrskurð frá Raad van Beroep, Haag): Rheinhold & Mahla NV gegn Bestuur van de Bedrijfsvereniging voor de Metaalnijverheid (almannatryggingar - skylda aðalverktaka að greiða ógreiddar bætur undirverktaka í vanskilum).

Fyrirmæli dómstólsins frá 7. apríl 1995 í máli C-167/94 (beiðni um forúrskurð frá Juzgado de Instrucción de Sueca, Valencia (Spáni)): sakamál á hendur Juan Carlos Grau Gomis og fleiri (beiðni um forúrskurð - skortur á lögsögu - mál ekki dómtækt).

Mál C-79/95: Mál höfðað þann 16. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-86/95: Mál höfðað þann 17. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-93/95: Mál höfðað þann 27. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-96/95: Mál höfðað þann 24. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-98/95: Mál höfðað þann 27. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjórið. EB nr. C 159, 24. 6. 1995.

Mál C-101/95: Mál höfðað þann 30. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-108/95: Mál höfðað þann 31. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-113/95: Mál höfðað þann 31. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-114/95: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 24. mars 1995 í máli Texaco A/S gegn Port of Middelfart og fleiri.

Mál C-115/95: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 24. mars 1995 í máli Olieselskabet Danmark A.m.b.a. gegn Trafikministeriet og fleiri.

Mál C-116/95: Mál höfðað þann 4. apríl 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-117/95: Mál höfðað þann 4. apríl 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-118/95: Mál höfðað þann 4. apríl 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-65/95: Beiðni um forúrskurð frá the High Court of Justice, Queen's Bench Division samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 3. febrúar 1995 í máli the Queen gegn the Secretary of State for the Home Department, fyrir hönd: Mann Singh Shingara.

Mál C-70/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo Regionale per la Lombardia samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 2. mars 1995 í máli Sodemare S.A. Anni Azzuri Holding og fleiri.

Mál C-71/95: Mál höfðað þann 14. mars 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-76/95: Mál höfðað þann 13. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn SA Royale Belge og fleiri.

Mál C-87/95 P: Máli áfrýjað af Cassa Nazionale di Previdenza ed Assistenza a favore degli Avvocati e Procuratori gegn fyrirætlum dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 11. janúar 1995 í máli T-116/94, Cassa Nazionale di Previdenza ed Assistenza a favore degli Avvocati e Procuratori gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-89/95 P: Máli áfrýjað þann 24. mars 1995 af D gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 26. janúar 1995 af fjórðu deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-549/93 milli D og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-90/95 P: Máli áfrýjað þann 24. mars 1995 af Henri de Compte gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 26. janúar 1995 af fyrstu deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í sameinuðum málum T-90/91 og T-62/92 milli Henri de Compte og Evrópuþingsins.

Mál C-94/95 og 95/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Bassano del Grappa samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 21. mars 1995 í málum 1) Danila Bonifaci og fleiri, 2) Wanda Berto og fleiri gegn Istituto Nazionale della Previdenza Sociale (INPS).

Mál C-105/95: Beiðni um forúrskurð frá Oberverwaltungsgericht für das Land Nordrhein-Westfalen samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 17. mars 1995 í máli Paul Daut GmbH & Co KG gegn Oberkreisdirektor des Kreises Gütersloh.

Mál C-110/95: Beiðni um forúrskurð frá the High Court of Justice, Chancery Division, Patents Court samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 31. október 1994 í máli Yamanouchi Pharmaceutical Co. Ltd gegn the Comptroller-General of Patents, Designs and Trade Marks.



Mál C-111/95: Beiðni um forúrskurð frá the High Court of Justice, Queen's Bench Division samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 3. febrúar 1995 í máli The Queen gegn the Secretary of State for the Home Department, fyrir hönd: Abbas Radiom.

Mál C-121/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 16. mars 1995 í máli VOBIS Microcomputer AG gegn Oberfinanzdirektion München.

Mál C-126/95: Beiðni um forúrskurð frá Centrale Raad van Beroep samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 9. desember 1994 í máli A. Hallouzi-Choho gegn Bestuur van de Sociale Verzekeringsbank.

Mál C-128/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce, Lyon, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 2. janúar 1995, leiðréttum með dómi frá 7. febrúar 1995, í máli Fontaine SA og fleiri gegn Aqueducus Automobiles SARL.

Mál C-130/95: Beiðni um forúrskurð frá Hessisches Finanzgericht samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 31. mars 1995 í máli Bernd Emil Giloy gegn Hauptzollamt Frankfurt am Main - Ost.

Mál C-131/95: Beiðni um forúrskurð frá Nederlandse Raad van State samkvæmt dómi þess dómstóls frá 25. október 1994 í máli P.J. Huijbrechts gegn Commissie voor de Behandeling van Administratieve Geschillen ingevolge Artikel 41 der Algemene Bijstandswet in de Provincie Noord-Brabant.

Mál C-134/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circonariale di Biella samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 30. mars 1995 í máli U.S.S.L. 47 di Biella gegn Istituto Nazionale per l'Assicurazione contro gli Infortuni sul Lavoro (INAIL).

Mál C-135/95, C-140/95 og C-141/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma, Sezione Distaccata di Tivoli samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 26. október 1994 (C-135/95) og 27. febrúar 1995 (C-140/95 og C-141/95) í sakamáli sem er í gangi fyrir honum gegn Francesco Segna og fleiri, Cesare Cervetti og Mario Gasbarri).

Mál C-328/93 tekið af málaskrá: Carla Baeskow gegn Lebenshilfe für geistig Behinderte e.V., Stadt- und Landkreis München.

Mál C-402/93 tekið af málaskrá: Jutta Neumann gegn Freie und Hansestadt Hamburg.

Mál C-229/94 tekið af málaskrá: The Queen gegn Secretary of State for the Home Department, fyrir hönd: Gerard Adams.

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 95/EES/29/25

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. apríl 1995 í máli T-96/92: Comité Central d'Entreprise de la Société Générale des Grandes Sources og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - reglugerð nr. 4064/89 - ákvörðun um að lýsa samfylkingu samrýmanlega hinum sameiginlega markaði - ógildingaraðgerð - mál dómtækt - verkalýðsfélög og vinnuráð - nægur áhugi á að veita viðurkenndum fulltrúum starfsmanna rétt til að leggja fram athugasemdir, samkvæmt beiðni, í stjórnarsýslumeðferðinni - aðgerðir sem varða beina einstaklingsbundna hagsmuni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. apríl 1995 í máli T-12/93: Comité Central d'Entreprise de la Société Anonyme Vittel og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - reglugerð nr. 4064/89 - ákvörðun um að lýsa samfylkingu samrýmanlega hinum sameiginlega markaði - ógildingaraðgerð - mál dómtækt - verkalýðsfélög og vinnuráð - aðgerðir sem varða beina einstaklingsbundna hagsmuni - nægur áhugi á að veita viðurkenndum fulltrúum starfsmanna rétt til að leggja fram athugasemdir, samkvæmt beiðni, í stjórnarsýslumeðferðinni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. apríl 1995 í máli T-435/93: Association of Sorbitol Producers within the EC (ASPEC) og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - mál dómtækt - án tilvistar - hæfi - fyrri ákvörðun um að heimila almenna aðstoðaráætlun).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. apríl 1995 í máli T-442/93: Association des Amidonneries de Céréales de la CEE (AAC) og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - mál dómtækt - án tilvistar - fyrri ákvörðun um að heimila almenna aðstoðaráætlun).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 2. maí 1995 í sameinuðum málum T-163/94 og T-165/94 NTN Corporation og Koyo Seiko Co. Ltd gegn ráði Evrópusambandsins (tollur til að koma í veg fyrir undirboð á kúlulegum - endurskoðun - reglugerð um breytingu á endalegum tolli til að koma í veg fyrir undirboð - ákvörðun skaða).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 10. mars 1995 í máli T-395/94 R: Atlantic Container Line AB og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-92/95: Mál höfðað þann 3. apríl 1995 af Tiziano Boggian gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-97/95: Mál höfðað þann 6. apríl 1995 af Sinochem National Chemicals Import & Export Corporation gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-100/95: Mál höfðað þann 10. apríl 1995 af Hans-Günter vom Endt gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-106/95: Mál höfðað þann 24. apríl 1995 af Fédération Française des Sociétés d'Assurances og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-445/93 tekið af málaskrá: Eastern Electricity plc, East Midlands Electricity plc, Electricity Association Services Limited, London Electricity plc, Manweb plc, Midlands Electricity plc, National Power plc, Northern Electric plc, Norweb plc, PowerGen plc, Seeboard plc, Southern Electric plc, South Wales Electricity plc, South Western Electricity plc, The National Grid Company plc og Yorkshire Electricity Group plc gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. C 159, 24. 6. 1995.